

[Type text]

Mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð 467/2015

Matsheimsókn vegna sérnáms í bráðalækningum.

Bráðalækningadeild, Meðferðarsviði, Landspítala-háskólasjúkrahúsi, Fossvogi, 108 Reykjavík.

Dagsetning heimsóknar: 18. nóvember 2022

Úttektaraðilar frá Mats- og hæfisnefnd: Reynir Tómas Geirsson, Kristín Huld Haraldsdóttir og Selma Guðnadóttir, starfsmaður nefndarinnar.

Staðsetning: Bráðadeild Landspítala (LSH), Fossvogi, og fundarherbergið Litlu Blásalir.

Viðmælendur: Hjalti Már Björnsson (HMB), sérfræðilæknir, lektor í bráðalækisfræði, yfirlæknir og kennslustjóri. Mikael Smári Mikaelsson, yfirlæknir og Eggert Eyjólfsson, sérfræðilæknir og handleiðarar sérnámsnema á bráðadeildinni. Sérnámslæknar (SNL) í bráðalækningum: Páll Óli Ólason, Bjarnþór Ingi Sigurjónsson, Steinar Orri Hafþórsson. Hjúkrunardeildarstjórar (Ágústa Hjördís Kristjánsdóttir) komu einnig til viðtals.

Um úttektina:

HMB fór með fulltrúum stutta ferð um deildina til að sýna aðstöðu SNL og til kennslu, og kynnti fyrirkomulag sérnámsins í bráðalækningum. Sérnámssamningur og drög að starfslýsingu lækna voru send nefndinni rafrænt, svo og endurnýjuð marklýsing frá Royal College of Emergency Medicine (RCEM) í Bretlandi sem innifelur nýtt framvindukerfi (Kaizen) og er með íslenskan inngang (drög). Sérnámsferlið getur bæði tekið til kjarnasérnáms (2 ár kjarni +1 millistigsár) í bráðalækisfræði á LSH/SAK, en einnig fulls sérnáms með framhaldssérnámi í 3 ár á LSH og/eða erlendis, samtals 6 ára sérnámstíma. Krafa er um a.m.k. hálf ár erlendis. Hætt hefur verið við samþætta kjarnanámið í bráðalækningum (SKBL) og þar með samstarf um sérnám við lyflækningar og svæfinga- og gjörgæsludeild (ekki lengur til staðar í Bretlandi heldur).

Kennsluráð fyrir bráðalækningar er til staðar og virkt. Þar sitja 8 fulltrúar, m.a. frá SAK, félagi bráðalækna og sérnámslæknanna. Alls hafa 7 fundir verið haldnir frá 2018, 1-3/ár.

Mönnunarvandi deildarinnar hefur haft áhrif á störf þess. Vel hefur þó gengið að virkja lækna deildarinnar og aðra til kennslu.

Sérfræðilæknar deildarinnar eru 17 í tæplega 13 stöðugildum. Þar af eru 6 sérnámshandleiðarar sem þýðir 3-4 SNL/handleiðara og sérnámsgrunnslæknar (SGL) bætast við það. Sérnámslæknar í bráðalækningum eru nú 22, á öllum námsárum, þar af einn erlendis á lokaári sínu. Brottfall hefur verið <20% frá síðustu matsheimsókn. Tólf alls eru á fyrsta og á öðru ári, þ.e.a.s. í kjarnasérnámi. Til viðbótar koma sérnámsgrunnslæknar, deildarlæknar úr öðrum sérgreinum á LSH og heimilislækningum. SNL í framhaldssérnámi eru færri en í kjarnasérnámi, en vinna meira sjálfstætt og taka þátt í kennslu yngri lækna og læknanema sem þeir fyrrnefndu gera síður. Gerður er rafrænn sérnámssamningur á LSH Í þessu felast gagnkvæmar skuldbindingar um kennslu, matsblöð til staðfestingar á náminu, og skuldbinding sérnámslækis um að fylgja

[Type text]

námsskrá/marklýsingu og sýna fram á framvindu sérnámsins. Ráðningaferli er samræmt á LSH/Sak fyrir SGL og SNL, þar sem notað er staðlað viðtalsform og a.m.k. 3 í viðtalsnefnd.

Móttöku- og aðlögunarvika er haldin fyrir nýráðna sérnámslækna í bráðalækningum, auk samræmdra móttökudaga mannauðsdeilda. Sérnámslækna staðfesta að þau hafi kynnt sér efnið. Tiltekin meðferðaratriði eru æfð verklega í hermisetri LSH, í bráðastæði á deildinni, á Keldum, í hópulsæfingum og óbyggðaæfingum. Full vinna sérnámslækna samanstandur af 17-18 vöktum og 3-6 næturvöktum í mánuði. Vikuleg kennsla er í 4-5 klst. Margir aðilar koma að því og kennsluplan til staðar. Sérhæfð námskeið eru í boði, m.a. gegnum Endurlífgunarráð, Almannavarnir og Evrópusamtök bráðalækna. Sérnámslækna hafa góða vinnuáðstöðu.

Sérnámslækna skrá framvindu í rafræna skrá RCEM. Sérnámshandleiðara-viðtöl eru tvisvar á ári, klínískir handleiðarar hitta SNL x 2/önn, kennslustjóri ræðir við sérnámslækna einu sinni á ári. Framvindumatsnefnd (ARCP), þar sem sitja kennslustjóri, kennslustjóri af annarri deild LSH/Sak og fleiri fulltrúar hefur farið skipulega á hverju ári yfir framvindu sérnámslækna. Ekki hefur tekist síðustu 3 árin að hafa fulltrúa úr úr annarri starfsstétt eðafulltrúi frá RCEM, en til standur að það verði í árlegu framvindumati vorið 2023. Fulltrúar frá RCEM hafa ekki komið vegna Covid og nauðsynlegt er að endurnýja samninginn við RCEM sem er frá 2019 (síðasta heimsókn RCEM).

Sérfræðilækna eru með fræðslu á skipulögðum fræðslufundum fyrir alla deildar- og sérnámslækna, en einnig hafa verið fengnir sérfræðilækna úr öðrum sérgreinum lækninga á fræðslufundina. Allir sérnámslækna ljúka sérhæfðum námskeiðum; endurlífgunarnámskeiði (e. ALS Advanced Live Support), fjörláverkanámskeiði (e. ATLS - Advanced Trauma Life Support, ATLS), námskeiði í endurlífgun barna (e. EPALS – European Paediatric Advanced Life Support) og sérhæfðu öndunarveganámskeiði (Beyond Basic Airway Management). Einnig er lögð áhersla á skipulega kennslu og þjálfun í ómskoðun samkvæmt kanadískri fyrirmynd. Tilfellafundir eru haldnir þar sem farið er yfir snúin tilfelli, verklag sem viðhaft var og hvað sé hægt að bæta og gera betur. Vaktir á sjúkrahúsum, þyrluvaktir, hópulsæfingar og æfingar á hálendi Íslands hafa verið skipulagðar. Í kennslu á Keldum eru m.a. gerðar æfingar í barkaskurði, uppsetningar á beinmergsnál og ástungu á þrýstingsloftbrjóst. Leiðtogakennsla teyma (e. team leadership) fer fram. Þjálfun fæst í undirgreinum s.s. bráðum barnavandamálum og eitrunum.

Bráðalækningar er ein þeirra sérgreina á LSH þar sem sérfræðilækna er alltaf til staðar á deildinni. Eftirlit með SNL er því mjög virkt.

Hluti sérnámsins (4 mánuðir) fer fram á bráðamóttöku barna á LSH-Hringbraut, og bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri nýtist einnig í hluta kjarnasérnámsins. Þá eru SNL í 4 mánaða námsvist í lyf- og hjartalækningum og 6 mánuði í svæfinga- og gjörgæslulækningum. Gæðaverkefni eru ekki í kjarnanámi, heldur í framhaldssérnáminu (4.- 6. ár).

Sérnámslækna hafa getað farið í rafrænt próf frá RCEM á Íslandi í stað þess að fara erlendis í því skyni. Möguleikar eru á prófi á vegum Evrópusamtaka bráðalækna.

Sérfræðihandleiðarar telja sig þrátt fyrir marga SGL og SNL fá nægan tíma til handleiðsluverka. Þau eru þó líka í reynd of fá að eigin mati. Meiri nákvæmni vantar í skráningar sérnámsins og gæðakröfur vantar í matsferlið. Kaizen kerfið hjá RCEM, með grafískri sýn á sérnámið, er til bóta. Sérnámshandleiðarar hafa fengið tækifæri til að halda við handleiðarakunnáttu, en þó er

[Type text]

misjafnt hvernig staðan er að því leyti. Samskipti við svæfinga- og gjörgæslulækna þarf að bæta og verklega kennslu í því sem snýr að þeirri sérgrein, en samstarf við bæklunarskurðlækna og við heimilislækningar er gott.

Sérnámslæknar sem rætt var við voru í kjarnasérnámi (1. ár) og framhaldssérnámi (4. ár); ánægðir í námi. Allir hafa eportfólíó samning og notkun eportfolio gengur vel. Þeir töldu sig ekki nægilega duglega við að ganga frá matsblöðum, enda gefst ekki tími til þess innan vinnudaga. Hafa nýtt námsleyfin. Aðgengi að handleiðurum er gott. Stytingu tíma í svæfingum og gjörgæslu telja þeir ekki til bóta. Umfjöllun um ofbeldismál og öldrunarvanda er ábótavant. Endurgjöf og sérnámsmat á öðrum deildum, einkum barnadeild, þarf að bæta. Kaizen-kerfið er til bóta. Kennsluáætlun stenst, handleiðarar aðgengilegir. Þverfagleg samskipti og fagmennskukennsla eru góð. Viðmót sérfræðilækna er gott, yfirmenn sanngjarnir og gagnrýni uppbyggileg. Endurgjöf er í daglegu klínísku starfi. SNL fá ábyrgð og leiðbeiningu í kennslu, einkum eftir kjarnasérnámið. Samstarf við aðrar stéttir s.s. hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er gott og vinnuandi góður. Hvatning er til að lesa fagefni og fræðigreinar, sem m.a. sérfræðilæknar benda á. Ábyrgð í starfi er mikil, en eftirlit með skilum verkefna jafnframt til staðar. Álag í vinnu er þó neikvæður þáttur.

Álit hjúkrunardeildarstjóra á sérnámi lækna var jákvætt. Sérnámið er kveikja umbóta og hugmynda, fellur vel að daglegri vinnu og að kennslu í bráðahjúkrun.. Teymisvinna er mikil á deildinni og sérnámslæknar koma vel inn í það. Hjúkrunarfræðingar verða varar við stíganda í verkum SNL, ábyrgð og leiðtogahlutverkum. SNL trú og holl deildinni.

Á næstu síðum eru tilgreind matsatriði á bráðalækningadeild LSH frá 18.11.2022 þar sem við á, samkvæmt matsblaði mats- og hæfisnefndar. Inngangur matsblaðsins er hafður fyrst til skýringar, en matsblaðið er fáanlegt hjá nefndinni.

[Type text]

28.11.2022

Mats- og hæfisnefnd, með tilvísan í reglugerð nr. 467/2015.

Leiðbeiningar um mat á kennslustað vegna starfs- og sérfræðináms í læknisfræði.

Samkvæmt gildandi reglugerð um starfsnám og sérfræðinám í læknisfræði á Íslandi, nr. 467/2015 skal mats- og hæfisnefnd skv. 15. grein reglugerðarinnar samþykkja marklýsingar fyrir starfs- og sérnám lækna og meta hvort námsstaður telst fullnægjandi til þess náms sem fyrirhugað er.

Mat á marklýsingu og/eða námsstað fer fram að ósk nefndarinnar eða að ósk þess aðila/námsstaðar, sem hyggst veita námstækifæri. Matið getur byggst á svörun skriflegs atriða- og spurningalista, á úttekt nefndarinnar með hliðsjón af eftirfylgjandi atriðalista og/eða á úttekt virts og viðurkennds erlends fagaðila í sama tilgangi.

Mat á marklýsingu fer fram innan nefndarinnar, ef óskað er með hliðsjón af ráðgjöf frá aðilum sem nefndin fær til þess (erlendra eða innlendra), og með umsögnum þeirra aðila sem reglugerð nr. 467/2015 tilgreinir. Marklýsing má vera á erlendu máli (skandinavísku máli eða ensku), en þarf að hafa greinargóðan inngang á íslensku og útskýringar á erlendum heitum og hugtökum, ef þær útskýringar eru ekki í Almennum viðmiðum og leiðbeiningum um sérnám á Íslandi (Gullbókin).

Mat á námsstað fer alltaf fram í samvinnu við forsvarsfólk námsins á námsstaðnum, í samstarfi við til þess bæra fulltrúa viðkomandi íslensks fagfélags sérfræðilækna, í samvinnu við framkvæmdastjórn eða yfirstjórn á námsstaðnum og/eða á sjúkrahöfnun/háskóladeild.

Mats- og hæfisnefnd gefur út viðurkenningu til lengst 4 ára í senn og sendist afrit hennar í kynningarskyni til námsstaðar/deildar, til framkvæmdastjórnar sjúkrahúss eða heilsugæslu eins og við á, til Embættis landlæknis, heilsugæslu, háskóladeildar eða sambærilegra aðila sem málið varðar, og til heilbrigðisráðuneytis sem í samvinnu við mats- og hæfisnefnd stendur að opinberri birtingu viðurkenningarinnar, m.a. hjá Embætti landlæknis skv. reglugerð 467/2015.

Námsstaður getur með hæfilegum fyrirvara óskað eftir endurmati sem þá skal framkvæmt eins fljótt og auðið er og helst innan þriggja mánaða. Mats- og hæfisnefndin getur tilgreint styttri tíma fram til endurmats í viðurkenningunni ef hún telur það nauðsynlegt til að fylgja eftir umbótum. Þá getur nefndin bréfluga og að rökstuddu máli óskað eftir að endurmat fari fram ef svo kann að virðast að námsstaður uppfylli ekki lengur þær kröfur sem gera þarf. Námsstaðir eiga einnig skv. 15 gr. reglugerðar nr. 467/2015 að tilkynna mats- og hæfisnefnd um breytingar sem varða sérnámið og sérnámsstaðinn.

Tilgangur matsins er að tryggja að um sé að ræða marklýsingu og námsstað sem stenst almenn viðmið með hliðsjón af því sem notað er til sambærilegs mats í nágrannalöndum, einkum í norðvestanverðri

[Type text]

Evrópu. Matið er grunnur sem nota má til að aðlaga, bæta og þróa bæði marklýsingu og námsstaðinn og er liður í gæðamati námsins í samvinnu við þá sem koma að stjórnun námsins. Matið skal varpa ljósi á jákvæða jafnt sem neikvæða þætti í sérnáminu og þarf að einkennast af opnu og gagnsæu ferli þar sem taka skal mið af viðhorfum stjórnenda námsins, kennara úr hópi sérfræðilækna og ef þarf annarra sambærilegra aðila/samstarfsfólks á kennslustofnun, og sérnámslæknanna sjálfra. Lýsa þarf styrkleikum, veikleikum, tækifærum og vanköntum ef við á, og nefndin getur komið með tillögur sem miða að því að efla námsstaðinn.

Mats- og hæfisnefndin tekur í starfi sínu mið af reglum í nágrannalöndunum, sbr. eftirfarandi skjöl frá heilbrigðisyfirvöldum þar:

Bretland: <https://www.gmc-uk.org/education/standards-guidance-and-curricula/standards-and-outcomes/excellence-by-design> og skyld skjöl, s.s. https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/generic-professional-capabilities-framework--2109_pdf-70417127.pdf

Danmörk: <https://www.sst.dk/da/Opgaver/Sundhedsvaesen/Uddannelse/Laeger/Speciallaegeuddannelser>
<https://www.sst.dk/da/Opgaver/Sundhedsvaesen/Uddannelse/Laeger/Inspektorordning>
<https://www.sst.dk/da/udgivelser/2015/vejledning-om-evaluering-af-uddannelsesstedet-i-den-laegelige-videreuddannelse>

Svíþjóð: <https://slf.se/app/uploads/2018/07/spur-folder-webben.pdf> og <https://www.lipus.se/>

Stofnun/deild sem hefur námslækna skal kynna fyrir almenningi á heimasíðu og í anddyri/við inngang að um kennslustofnun fyrir heilbrigðisstörf sé að ræða og tryggja að þátttaka nema í starfi deildar eða stofnunar sé þannig að það samræmist fyllstu öryggiskröfum stofnunarinnar/heilbrigðisyfirvalda.

Almennt er mat á marklýsingu og/eða námsstað þáttur í þróun sérnáms fyrir lækna á Íslandi. Almenn tilmæli um sérnám lækna á Íslandi birtast í skjalinu **Almenn viðmið og leiðbeiningar vegna sérnáms í læknisfræði á Íslandi („Gullbókin“)** sem mats- og hæfisnefndin stendur að.

Við mat á námsstað er tekið mið af eftirfarandi:

Mat á sérfræðinámsstað tekur bæði til sérnáms að hluta eða fulls sérnáms, eftir því hvað er í boði á viðkomandi námsstofnun og í sérgreininni.

Kennslustjóri skal vera til staðar/ráðinn á viðkomandi deild/stofnun (spítali, heilsugæslustöð) og þar skulu vera tilgreindir sérnámshandleiðarar (e. educational supervisor). Allir sérfræðilæknar stofnunar/deildar skulu hafa klínískt leiðbeinendahlutverk (e. clinical supervisors). Handleiðarar eiga að hafa þekkingu á marklýsingu fyrir það sérnám sem verið er að bjóða, taka virkan þátt í kennslustarfi á deildinni/stofnuninni, aðstoða ef eftir er leitað þegar matsgerðir fara fram, bæði hvað varðar reglubundið mat á frammistöðu sérnámslækna og þegar taka þarf út stöðu námsins og námsstaðarins. Áhersla skal lögð á framþróun sérnámsins og námsstaðarins með hliðsjón af þróun í faginu og kennsluháttum, og reglubundinni uppfærslu marklýsingar með hliðsjón af þróun í faginu og í gerð

[Type text]

marklýsinga í þeim löndum sem miðað er við á Íslandi, svo í því landi/löndum þaðan sem hún er fengin. Viðmið skulu bæði vera innlend (almenn þróun á stofnun og í hliðstæðu sérnámi) og alþjóðleg. Kennsluráð skal vera bakland og stuðningshópur kennslustjóra í hverri sérgrein, þó það þurfi ekki fyrir hverja starfsstöð innan sérgreina, svo sem á einstökum heilsugæslustöðvum eða minni útstöðvum frá megin námsstöð sérgreinar. Vísað er í Almennar leiðbeiningar og viðmið fyrir sérnám á Íslandi (Gullbókina) í því sambandi.

Sérnámslæknar þurfa að leggja til álit sitt á náminu a.m.k. einu sinni á ári á fundi með forsvarsmönnum námsins á hverri deild, svo og við námslok (bæði í fullu eða hluta sérnámi), og skrifleg umsögn/umsagnir þar um vera tiltæk að loknu slíku árlegu framvindumati (sjá Gullbókina). Mats- og hæfisnefnd skal nota þessar umsagnir til áframhaldandi viðurkenningar á námsstað. Í umsögn skal vera skýrt um hvaða sérgrein/deild/stofnun er fjallað og á hvaða forsendum er byggt í mati á gæðum námsins. Umsagnir skulu vera aðgengilegar til skoðunar fyrir mats- og hæfisnefnd þegar úttekt á námsstað fer fram.

Neðanskráður listi er umræðugrundvöllur sem notaður er í mati á stað sem veitir sérnám. Ráðgert er að bæði forsvarsmenn námsins, leiðbeinendur/kennarar og sérnámslæknar svari þessum atriðum, annaðhvort fyrirfram með svörum spurningalista eða þegar viðtal fer fram.

Megin atriði í úttekt bráðalækningadeildar þann 18.11. 2022 voru eftirfarandi:

- A. Er starfsemin á nægilega breiðum grunni þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist? **Já.**
- B. Er mannaflí nægur og af rétttri gerð til að markmið í marklýsingu sérnámsins náist? **Nei.**
Handleiðarar með fullgilda handleiðarapjálfun eru of fáir og með of marga SGL og SNL sem þeir þurfa að fylgjast með. Almennur mönnunarvandi bráðalækningadeildar er þekktur. Góð viðhorf og samvinna við samstarfsstéttir lækna vega á móti þessu.
- C. eru húsnæði, staðhættir, almenn og sértæk aðstaða og tækjakostur, öryggismenning og almenn viðhorf þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist? **Já.**
- D. Er lækniþjónustan uppbyggð og skipulögð þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist? **Já.**
- E. Er störfum á námsstaðnum þannig fyrir komið að þau falli vel að faglegum gildum með tilvísan í Góða starfshætti lækna og líkleg til að stuðla að breiðum menntunargrunni sem tryggir þekkingu, getu og færni? **Já.**
- F. Er viðmót á kennslustaðnum gagnvart skjólstæðingum/sjúklingum og námslæknum/öðrum nemendum þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist? **Já**
- G. Fær sérnámslæknir þjálfun og þekkingu í samvinnu og teymisvinnu? **Já.**
- H. Er fræðileg kennsla og uppbygging þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist? **Já, sennilega, en æskilegt er að allir SNL fari í bresk eða evrópsk próf til að tryggja fullnægjandi fræðilegan þekkingargrunn.**
- I. Er eftirlit með framvindu náms til staðar og framkvæmd með sérgerðum aðferðum til þess skv. Gullbókinni? **Sennilega ekki að öllu leyti. Meta þarf framkvæmd árlegs framvindumats 2023.**
- J. eru möguleikar til rannsókna eða gæðaverkefna til staðar? **Já.**

[Type text]

Matsferli:

Farið var yfir

1. marklýsinguna og uppfærslu/breytingar sem kunna að hafa verið gerðar í erlendis eða innanlands, sambærileika við marklýsingu hjá hliðstæðum erlendum samtökum í viðkomandi sérgrein ef við á,
2. sérnámið almennt, svo sem
 1. fjölda sérnámslækna í námi og fjölda í kjarna- og framhaldssérnámi miðað við aðstæður, svo úr öðrum greinum s.s. heimilislæknasérnámi, á aðal- og viðbótarstöðvum,
 2. fjölda sérnámshandleiðara og hvernig uppfærslu kennsluþekkingar þeirra er háttáð.
 3. matsaðferðir sem eru notaðar, og
 4. árangur/framvindu sérnámslækna, og
 5. útfærslu árlegs framvindumats (ARCP).
3. Rætt var um möguleika sérnámslækna til námsdvala erlendis (námskeið kynningar, vinnu) í kjarna- og framhaldssérnámi og möguleika á að taka tíma erlendis í framhaldssérnámi,
4. möguleika á að fara í akademíska vinnu (meistara- eða doktorsnám) og taka þátt í gæðaverkefnum eða rannsóknatengdri vinnu.
5. rætt var um kennslugögn sem snúa að framvindu á fræðilegri grunnþekkingu, aðferðafræði og viðlíka efni.
6. Rætt var um mat á færni og getu, í samskiptum við samstarfsfólk og skjólstæðinga.
7. Farið var yfir mögulega skriflega samninga um notkun marklýsingar, samninga milli aðal- og viðbótarstöðva vegna sérnámsins og eftirlit með sérnámsframvindu þar.
8. Tengslin við skyldar greinar og sérnám þar var rætt.
9. Önnur atriði sem sérgreinin eða nefndin vilja leggja áherslu á komu fram í glærुकynningu kennslustjóra.

Loggbækur (eportfolio) sérnámslækna og framvindumatsskjöl voru sýndarekki til staðar.

Námsstaður: Bráðalækningadeild LSH, 18.11. 2022.

Atriði sem notuð eru í mati á sérnámsstað (svar er já/nei eða með athugasemdum. Nefndin sjálf setur matið á skala frá 1-6 þar sem 1= í mjög litlum mæli, 2=litlum mæli, 3= í nokkrum en þó minni mæli, 4= í nokkrum en þó meiri mæli, 5= í miklum mæli, 6= í mjög miklum mæli, eða 0= á ekki við):

Almenn atriði, f.o.f. til stjórnenda/forstöðumanna:

1. Er sérnámið hluti daglegs starfs og viðhorf almennt jákvætt gagnvart sérnáminu og sérnámslæknum („sérnámsmenning“)?

Til staðar:

6

Ekki til staðar:

[Type text]

Athugasemdir:

2. Hverjir koma að sérnáminu? Yfirmenn, allir sérfræðilæknar eða aðeins hluti þeirra, aðrar lykilsamstarfsstéttir? Er fjölþátta endurgjöf (MSF, multi-source feedback) notuð?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

3. Hefur marklýsingin verið uppfærð frá síðustu úttekt? Hafa breytingar í ESB (UEMS), UK eða Norðurlöndum verið skoðaðar og ræddar? Hefur komið erlend fagsamtakaheimsókn vegna sérnámsins? Hefur marklýsingin og uppfærsla hennar og framkvæmdin verið rædd við íslenska fagfélagið og það fjallað um hana frá síðustu úttekt?

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: RCEM matsheimsókn ekki orðið vegna Covid. Marklýsing ekki farið til íslenskra umsagnaraðila enn.

4. Er kennslustjóri með bakhjarl í kennsluráði sem er virkt?

Til staðar: 4 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Stendur til bóta vorið 2023.

5. Eru almennar leiðbeiningar og viðmið um sérnám á Íslandi (Gullbókin) kunn kennslustjórinni og tekið tillit til ákvæðanna þar?

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Má endurmeta og sennilega bæta.

6. Er kennslustjóri eða staðgengill með virka þátttöku í FMRL?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

7. Er samráð milli kennslustjóra og forsvarsmanna sviðs/deildar/akademíks hluta sérgreinar?

[Type text]

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

8. Hefur verið gengið frá samstarfssamningum við útstöðvar frá meginstöð? Eru slík tækifæri til staðar og þá nýtt skipulega?

Til staðar: 4 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Gegnum almennan samstarfssamning LSH og SAK er aðgengi að bráðadeild á SAK. Ekki nægilega gengið frá samstarfi við Barnaspítala Hringins. Bæta þarf kennslu í málefnum sem varða ofbeldi gegn konum, börnum og öðrum hópum (öldrun, geðvandamál), m.a í samvinnu við viðkomandi móttöku á LSH.

9. Er sveigjanleiki á vinnustað og fjölbreytni í reynslu nægileg? Er vaktaálag hæfilegt og bakvakt virk?

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Já, en sjá lið 8.

10. Leiðbeinendur (educational/clinical supervisors) hafa lokið viðeigandi námskeiði um kennslutækni eða farið á upprifjunarnámskeið. Hve margir, með hvaða millibili?

Til staðar: 4 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Handleiðarar eru of fáir.

Atriði til leiðbeinenda (sérnáms- eða klínískra handleiðara) og sérnámslækna:

11. Var í upphafi sérnáms gerður skriflegur námssamningur með tilvísan í marklýsingu og megin markmið sérnámstilboðsins.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

12. Fór kynning fram í byrjun kennsluárs á starfssviði sérnámslæknis m.t.t. mismunandi áfanga, þátta og tímabila í sérnáminu, þ.m.t. inntaks námsins á upphafs- eða framhaldsári þess.

[Type text]

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

13. Námsleiðbeinandi/lærimeistari/handleiðlari/mentor var skipaður og aðgengilegur, m.a. á reglubundnum samræðufundum um námsframvindu. Hve oft eru þeir ?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Nægilega oft.

14. Sérnámslæknir taldi eftirlit og áhuga leiðbeinenda fullnægjandi og að hann/hún hefði haft tækifæri til að ná þeirri hæfni/færni sem vænst var á viðkomandi námsstigi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

15. Endurgjöf var veitt þar sem og þegar við átti, þ.m.t. með ráðleggingum um námsframvindu.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

16. Ráðgjöf/kennsla var veitt um samskipti við aðrar sérgreinar læknisfræðinnar og hliðstæðar heilbrigðisvísindagreinar, og við samstarfsfólk í mismunandi störfum á vinnustaðnum.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

17. Ráðgjöf var veitt í samskiptum við yfirmenn og stjórnendur, og einnig opinbera aðila og stjórnvöld ef við átti.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

18. Leiðbeiningar voru veittar um leiðtogahlutverk og það að taka að sér forystu í verkefnum, bæði í daglegum störfum, kennslu og rannsóknastörfum.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

[Type text]

Athugasemdir:

19. Áhersla var á fagmennsku og að námslæknir tileinki sér góða fagþekkingu, bæði grunnþekkingu og sérhæfðari atriði sérgreinarinnar.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

20. Námsækifæri í daglegum störfum voru nýtt.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

21. Vinnuskipulag var gott og stuðlaði að því að ná markmiðum marklýsingar með hliðsjón af hæfni og þekkingarkröfum.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

22. Tími gafst í daglegri vinnutilhögun til að eiga samtöl við kennslustjóra og umsjónarlækni/leiðbeinanda, og vinnufyrirkomulagið stuðlaði að þekkingaröflun, bæði bóklega, með því að geta sótt fræðslufundi og svipuð námsækifæri á deild/stofnun og í þátttöku í klínískum verkefnum til að víkka þekkingar- og reynslugrundvöll.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Mætti bæta.

23. Er auðvelt að taka þátt í aðgerðum/inngrípum og þjálfast í slíku?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

24. Er hvatt til frumkvæðis og að taka á sig ábyrgð eða er krafist of mikils?

[Type text]

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Hæfilegt

25. Eru reglubundnir fræðslu- og námsfundir á vinnustað þar sem viðvera er nauðsynleg?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

26. Tækifæri til að sækja samningbundin námsskeið og nýta námsleyfi voru veitt.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

27. Tækifæri voru veitt til að taka þátt í kennslu nemenda og prófum.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Ekki víst með þátttöku í prófum.

28. Loggbók/sérnámsmappa/ePortfolio eða sambærileg gögn voru yfirfarin af leiðbeinendum.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

29. Leiðbeinendur, sérfræðingar og yfirmenn hafa verið aðgengilegir þegar á þurfti að halda.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

30. Námslæknir fékk tækifæri til þátttöku í gæða- eða rannsóknarverkefni og lærði meginatriði slíks starfs eins og við átti varðandi sérgreinina.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

[Type text]

Athugasemdir: Viss grunnatriði mætti kenna fyrr í námi en nú er til að örva skilning og áhuga á svona starfi.

31. Á námsstaðnum ríkja kennslumiðuð viðhorf meðal lækna og annars starfsfólks, en hagsmunir og öryggi sjúklinga/skjólstæðinga eru einnig í fyrirrúmi í því sambandi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

32. Á námsstað er áhersla á gagnkvæma persónulega virðingu og sanngirni í samskiptum, teymisvinna gengur vel og tækifæri hafa verið veitt í því sambandi. Hefur orðið vart við kynbundið áreiti eða aðra mismunun/áreiti?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

33. Fer árlegt framvindumat fram?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

34. Hvað er notað? DOPS, CbB, MSF, Mini-Cex, myndgátun?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

35. Heildarmat sérnámslækna á vinnu- og námsstaðnum er fullnægjandi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

36. Heildarmat kennslustjóra og leiðbeinenda á sérnámslæknum var fullnægjandi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

Heildareinkunn: 205/216 stig

[Type text]

Endurmat fer fram:

Við ≥ 180 stig (85%) eftir 2-4 ár, við ≥ 140 stig (65%) eftir 1 ár, við ≥ 108 stig (50%) eftir 6-8 mánuði. Stig ≤ 107 eru ekki fullnægjandi og úrbætur (með nýju mati ef við á) þarf til viðurkenningar námsstaðar.

Stigagjöfin er til almennrar viðmiðunar: Ef veigamikil atriði vantar, er mögulegt að ekki sé unnt að viðkenna námsstaðinn þar til úrbætur hafa farið fram.

Styrkleikar á námsstað:

Sérgreinin hefur lengi verið viðurkennd á Íslandi og sækir fyrirmyndir og marklýsingu til Bretlands og breskra viðhorfa, sem eru þróuð. Komin er 6 ára reynsla á sérnámið og er fast í sessi sem hluti úr starfi deildarinnar. Sérnam í bráðahjúkrun styður við það. Um er að ræða fullt sérnám.


Veikleikar námsstaðar:

Vantar betri umgjörð um sérnámsdvöl á SAK og Barnaspítala Hringins, tengsl við kynferðislegt ofbeldi og ofbeldi almennt, geð- og öldrunarvanda. Handleiðarar eru of fáir, - eins og sérfræðilæknar almennt á deildinni, - og hafa of marga sérnámslækna hver. Huga þarf að fjölda sérnámslækna á hverju námsári til lengri tíma litið, með tilliti til námstækifæra og handleiðslu. Meta þarf þetta í samráði við RCEM. Nýja úttekt vantar frá RCEM, sem M & h kæmi einnig að. Samninga vantar við bráðadeild SAK á grunni rammisamnings LSH og SAK og RCEM og jafnvel fleiri staði erlendis um námsdvöl í framhaldssérnámi (MIT).

Heildarniðurstaða mats:

Sérnam í bráðalækningum er fullt sérnám í góðum farvegi. Það hefur þróast vel undir góðri stjórn en aðstæður m.t.t. mannafla- og aðstöðuskorts á bráðadeild LSH eru hamlandi. Bráðalækningadeildin getur þó með marklýsingunni frá Bretlandi, og fjölbreyttum og miklum sjúklinga-/tilvikafjölda, boðið fullt nám í bráðalækningum og sérnám sem stenst samanburð við sambærilegar kennsludeildir í nágrannalöndum.

Dagsetning, undirskriftir matsaðila og staðfesting fulltrúa námsstaðar:

6/3 2023 
Kann Súsanna Sveinbjörnsdóttir

6/3 2023 